

## Svar

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Helgu Halldórsdóttur um búfjárefirlit.

1. *Er fyrirhuguð frekari breyting á lögum um búfjárhald á þann hátt að búfjárefirlit heyri alfarið undir landbúnaðarráðuneytið?*

Hinn 2. maí 2002 samþykkti Alþingi ný lög um búfjárhald, nr. 103/2002. Með lögunum er sveitarfélögunum falin ábyrgð á búfjárefirliti. Ekki eru ráðgerðar breytingar á þeim lögum.

2. *Hver hefur kostnaður landbúnaðarráðuneytisins verið vegna búfjárefirlits árin 1995–2001, sundurliðað eftir árum?*

Landbúnaðarráðuneytið ber engan beinan kostnað af búfjárefirliti. Hins vegar annast Bændasamtök Íslands úrvinnslu gagna um búfjárefirlit og er sá kostnaður greiddur af ríkisframlögum samkvæmt búnaðarlögum, nr. 70/1998. Árin 1999–2002 hefur kostnaður bænda-samtakanna verið eftirfrandi:

1999	2000	2001	2002*
3.902.000 kr.	3.993.000 kr.	4.280.000 kr.	4.477.000 kr.

\* Áætlun

3. *Hver hefur kostnaður sveitarfélaga verið vegna búfjárefirlits árin 1995–2001, sundurliðað eftir árum?*

Samkvæmt upplýsingum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga er kostnaður við búfjárefirlit ekki sundurliðaður í ársreikningum sveitarfélaga.

4. *Telur ráðherra ekki óeðlilegt að ein atvinnugrein, í þessu tilviki landbúnaður, skuli lúta sérstöku eftirliti sveitarfélaga?*

Um er að ræða verkefni sem sveitarfélögunum er falið með lögum líkt og ýmis önnur staðbundin verkefni, svo sem heilbrigðiseftirlit, skipulags- og byggingarmál o.fl.